

Nd.

177. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44,
30. júlí 1909.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Eggert Pálsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisparfa sinna um eitt ár í senn. Þá getur og landsstjórnin leyft útlendingum, er vinna annaðhvort verk í þarfir landsstjórnarinnar eða reka annað erindi útlendrar stjórnar en um er getið næst á undan, leyfi til að flytja til sín frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til eigin notkunar, meðan þeir dvelja hjer á landi eða hjer við land. Öðrum en þeim, sem hjer eru taldir má eigi leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

2. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laga nr. 44, frá 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau út þannig breytt sem lög um aðflutningsbann á áfengi.